

Föstudaginn 31. desember 1954.

Nr. 2/1954.

**Farmanna og fiskimannasamband Íslands
f. h. Skipstjórafélags Íslands**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Eim-
skipafélags Íslands h.f.**

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

**Varadómarar Benedikt Sigur-
jónsson og Sigurjón Jónsson, í
stað Ísleifs Árnasonar og Einars
B. Guðmundssonar.**

Skipstjórafélag talið vera stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938, og því réttur aðili til samninga um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 3. ágúst þ. á. af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Skipstjórafélags Íslands gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h. f. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði,

a) Skipstjórafélag Íslands sé lögformlegur samningsaðili til þess að gera fyrir hönd félagsmanna sinna kaup- og kjarasamninga við útgerðarfélög, þar á meðal við Eimskipafélag Íslands h.f.

Þá þrefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Skipstjórafélag Íslands var stofnað árið 1936 og gekk í Farmanna- og fiskimannasamband Íslands þegar á næsta ári. Svo sem nánar verður vikið að síðar, er tilgangur þess m. a. að efla hag stéttarinnar eftir mætti, en félagsmenn geta þeir orðið, sem hafa réttindi til skipstjórnar á íslenskum verzlunarskipum og varðskipum ríkisins. Þetta mark-

mið félagsins kom svo m. a. fram í því, að er stundir liðu fram, samdi félagið við útgerðarfélög um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Hinn 7. maí 1952 var á fundi í Skipstjórafélagi Íslands gerð ályktun þess efnis, að teknir skyldu upp heildarsamningar við Eimskipafélag Íslands h.f. vegna þeirra skipstjóra, er störfuðu hjá því félagi, en til þess tíma hafði Eimskipafélagið samið beint við hvern einstakan skipstjóra um kaup hans og kjör. Í samræmi við þessa ályktun ritaði stjórn Skipstjórafélagsins Eimskipafélagi Íslands h.f. bréf hinn 18. ágúst 1952. Skýrði stjórnin frá nefndri samþykkt og fór þess á leit, að teknir yrðu upp samningar milli félaganna um kaup og kjör skipstjóra á skipum Eimskipafélagsins. Jafnframt tilkynnti stjórn Skipstjórafélagsins, að hún hefði af sinni hálfu nefnt þrjá nafngreinda menn til samningsgerðarinnar. Bréfi þessu svaraði stjórn Eimskipafélags Íslands h.f. hinn 14. október s. á. á þá leið, að félagið hefði nefnt þrjá tilgreinda menn af sinni hálfu „til þess að eiga viðræður við þá menn“, sem Skipstjórafélagið hefði nefnt til samningsgerðar, þegar það félag óskaði, „að hefja umræður um kaup og kjör skipstjóra á skipum vorum“. Litlu síðar munu samningafundur hafa verið haldnir og frumvarp að samningi verið lagt fram. En svo brá þó við, að sögn stefnanda, að samningamenn Eimskipafélagsins hættu störfum von bráðar og drógust samningar á langinn. Kvartaði Skipstjórafélagið yfir þessu í bréfi dags. 12. nóv. 1953, sendi nýtt frumvarp að samningi og fór þess á leit, að samningaunleitanir yrðu teknar upp af nýju. Þessa málaumleitun itrekaði Skipstjórafélagið síðan með bréfi dags. 9. marz 1954. Þessum skrifum svaraði Eimskipafélagið á þá lund með bréfi, dags. 22. marz s. á., að það hefði gert einkasamning við hvern einstakan skipstjóra í þjónustu félagsins og hefði engin ósk komið fram af þeirra hálfu um endurskoðun samninga. Taldi stjórn Eimskipafélagsins sig því ekki eins og á stæði hafa heimild til þess að hefja samningaumræður við Skipstjórafélag Íslands. Með bréfi, dags. 9. apríl þ. á., mótmælti stjórn Skipstjórafélagsins þeim skilningi, er fram kom í bréfi stjórnar Eimskipafélagsins frá 22.

marz og staðhæfði, að Skipstjórafélagið væri að lögum réttur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna. Stjórn Eimskipafélagsins sinni ekki þessari afstöðu Skipstjórafélagsins. Fékk Farmanna- og fiskimannasamband Íslands þá málið í sínar hendur og kom deila þessi að lokum fyrir sáttasemjara ríkisins. Á fundi, sem hann hélt með aðiljum máls þessa 15. júní þ. á., varð það að samkomulagi, að leit að skyldi úrskurðar Félagsdóms um það, hvort Skipstjórafélag Íslands væri lögformlegur aðili til þess að gera kaup- og kjarasamninga vegna félagsmanna sinna. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta og gerði þær dómkröfur, sem að fram- an greinir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að Skipstjórafélag Íslands sé samkvæmt eðli sínu og gerð stéttarfélag. Það sé félagsskapur manna, þ. e. skipstjóra, sem starfi í þjónustu útgerðarfélaganna. Og þar sem tilgangur þess samkvæmt samþykktum félagsins sé m. a. sá, að efla hag stéttarinnar, fullnægi það skilyrði 5. gr. laga nr. 80/1938, að hafa í samþykktum sínum ákveðið að láta hagsmunamál félagsmanna sinna til sín taka. Skipstjórafélagið sé því að lögum réttur samningsaðili um kaup og kjör þeirra manna, sem í því séu gagnvart útgerðarfélögum, þar á meðal Eimskipafélagi Íslands h.f., vegna þeirra félagsmanna, sem séu í þjónustu þess félags. Þetta markmið Skipstjórafélagsins komi og ljóst fram í þeirri starfsemi þess, að félagið hafi allt frá árinu 1942 gert kaup og kjarasamning við ýmis útgerðarfélög. Enn heldur stefnandi því fram, að Eimskipafélagið hafi beinlínis viðurkennt þennan samningsrétt Skipstjórafélagsins með því að nefna árið 1952 menn af sinni hálfu til samningaumleitana um kaup og kjör félagsmanna stefnanda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína öðrum þræði á þeirri röksemd, að Skipstjórafélag Íslands sé ekki stéttarfélag samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938. Þessa staðhæfingu sína styður hann þeim rökum, að samkvæmt samþykktum félagsins geti hver sá, sem hafi réttindi til að vera skipstjóri á íslenskum verzlunarskipum og á varðskipum ríkisins, orð- ið félagsmaður. Þetta inntökuskilyrði sé aðeins bundið við

vissa menntun eða réttindi, en ekki raunverulegt starf. Félagið geti því bæði verið félag atvinnurekenda og manna, sem séu í þjónustu annarra, en slík aðstaða skjóti loku fyrir það, að félagið verði dæmt stéttarfélag. Í því sambandi bendir stefndi og á það, að skipstjórar séu hátt launaðir trúnaðarmenn útgerðarfélaganna, sem hafi umboð til þess að gera margvíslega samninga vegna þeirra. Staða þeirra og störf séu því ofar störfum og stöðu þeirra þjóðfélagsborgara, sem samkvæmt anda og eðli vinnulöggjafarinnar hafi heimild til þess að stofna stéttarfélög í merkingu laga nr. 80/1938.

Þá heldur stefndi því fram, að enda þótt Skipstjórafélagið yrði út af fyrir sig talið stéttarfélag, þá fullnægi það þó ekki skilyrðum 5. gr. laga nr. 80/1938, þar sem það hafi ekki í samþykktum sínum nægilega ljós ákvæði um það, að ætlun þess sé að láta kaupgjaldsmál til sín taka. Sé félagið þegar af þeirri ástæðu ekki að lögum réttur aðili til þess að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Svo sem að framan greinir, er Skipstjórafélag Íslands stofnað árið 1936. Samkvæmt 3. gr. samþykktu þess, getur hver sá, sem hefur réttindi til þess að vera skipstjóri á íslenskum verzlunarskipum og á varðskipum ríkisins, orðið félagsmaður. Í 2. gr. samþykktu þess segir, að tilgangur félagsins sé, „að auka samstarf meðlimanna og áhuga fyrir umbótum innan þeirra verkahringis, auka þekkingu þeirra á því, er að starfi þeirra lýtur, og að efla hag stéttarinnar eftir mætti.“

Þess var áður getið, að Skipstjórafélagið gerðist þegar á árinu 1937 félagi í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en tilgangur þess er m. a. sá, að vinna að bættum kjörum, atvinnuskilyrðum og menntun farmanna og fiskimanna, og getur hvert það íslenskt farmannafélag, sem starfar á sama grundvelli og viðurkennir reglur sambandsins, fengið inngöngu í það.

Samkvæmt gögnum málsins munu félagsmenn Skipstjórafélagsins vera 40 að tölu. Eru 24 þeirra taldir vera starfandi skipstjórar, 8 hafa látið af störfum fyrir aldurs sakir eða vanheilsu, 3 eru sem stendur stýrimenn, en hafa áður siglt sem skipstjórar. Einn félagsmanna fór áður með skipsstjórn

á varðskipi, en er nú skólastjóri Stýrimannaskólans, og annar, sem einnig hefur gegnt skipstjórnarstörfum, hefur um langan aldur verið hafnsögumaður. Þeir þrír, sem ótaldir eru, hafa allir verið skipstjórar, en fullar upplýsingar eru ekki fyrir hendi um núverandi starf þeirra. Það liggur enn fyrir, að þessir menn eru allir eða voru, meðan þeir enn gengu til starfa, launþegar í þjónustu annars aðilja, vinnuveitanda. Og þótt ýmsir þeirra a.m.k. séu taldir háttlaunadír miðað við launþega almennt og gegni vandasömum trúnaðarstörfum fyrir þá vinnuveitendur, sem þeir taka laun hjá, fær það ekki breytt því, að þeir eru launtakar samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938.

Í nefndum lögum er ekki að finna beina skilgreiningu þess, hvaða félög séu stéttarfélög í merkingu laganna. Samkvæmt 1. gr. þeirra eiga menn rétt á því að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að **hagsmunum** verkalýðsstéttarinnar og **launtaka yfirleitt**, enda séu félög þessi samkv. 2. gr. sömu laga opin öllum í hlutaðeigandi **starfsgrein**. Af sjálfum orðum laganna verður það ekki ótvírætt ráðið, hvort með orðinu „starfsgrein“ er átt við tiltekið starf eða réttindi til tiltekins starfs. Í athugasemdum þeim, er fylgdu frumvarpi að nefndum lögum, segir um 2. gr. þess, að stéttarfélag njóti því aðeins réttinda og verndar samkvæmt lögnum, að það sé opið öllu fólki, sem býr á félagssvæðinu og vinnur eða **hefur heimild samkvæmt kunnáttu sinni** til að vinna, í þeirri starfsgrein eða iðngrein, sem félagið starfar í. Þess má og geta, að árið 1939 var borið fram á Alþingi frumvarp til laga þess efnis, að þeim einum væri heimilt að vera í stéttarfélagi, sem væri í starfsgrein þess, en frumvarp þetta náði ekki fram að ganga.

Þegar virt eru annars vegar þau atriði, sem nú hafa verið rakin um samþykktir Skipstjórafélags Íslands og ákvæði laga nr. 80/1938 og hins vegar er horft til þess, sem fram er komið um starfsháttu félagsins, störf og starfsaðstöðu félagsmanna þess, þá verður ótvírætt að telja Skipstjórafélagið stéttarfélag samkvæmt nefndum lögum. Þá er og ljóst af því, sem að framan er greint um tilgang félagsins, að

markmið þess nær einnig til hagsmunamála félagsmanna, enda hefur starfsemi þess undanfarin ár ljóslega gefið það til kynna. Má þar bæði benda á þátttöku þess í Farmanna- og fiskimannasambandinu og þá ekki síður það, að félagið hefur allt frá því á árinu 1942 gert samning við skipafélög og ríkisstofnanir um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Samkvæmt þessu verður að telja, að Skipstjóraráfélag Íslands fullnægi skilyrðum 5. gr. laga nr. 80/1938, og ber því að taka dómkröfu stefnanda í máli þessu til greina að því er varðar h.f. Eimskipafélag Íslands.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Skipstjóraráfélag Íslands er réttur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna gagnvart stefnda, h.f. Eimskipafélagi Íslands.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. h.f. Eimskipafélags Íslands, greiði stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Skipstjóraráfélags Íslands, kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Jónssonar.

Greinargerð fyrir afstöðu minni í Félagsdómi í málinu nr. 2/1954. Samkvæmt 2. gr. laga Skipstjóraráfélags Íslands er tilgangur félagsins:

- a. Að auka samstarf og áhuga meðlima sinna fyrir umbótum innan þeirra verkahringa.
 - b. Að auka þekkingu meðlima sinna á því, er að starfi þeirra lýtur og
 - c. Að efla hag stéttarinnar eftir mætti.
- Þessi lög eða samþykktir eru frá 16/4 1936.
1. gr. laga nr. 80 frá 11/6 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir: „Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalyðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.“
 5. gr. sömu laga hljóðar svo: „Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.“

Þessi 5. gr. laganna frá 1938 kveður skýrt á um það, að stéttarfélag séu því aðeins lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, að stéttarfélagið hafi í samþykktum sínum — „lögum“ sínum — ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. 1. gr. sömu laga ákveður, að félagin séu stofnuð til þess að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum meðlima sinna, og er það í fullkomnu samræmi við ákvæði annarar greinar samþykktanna fyrir Skipstjórafélag Íslands. En til þess að stéttarfélagin séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, skal slíkt einnig framtekið í samþykktum — „lögum“ — verkalýðs eða launtakafélaganna.

Þess var nú ekki að vænta, að 2. gr. laga Skipstjórafélagsins frá 1936, fullnægði ákvæðum 5. gr. félagsmálaggjafarinnar frá 1938. Þetta hefur stjórn Skipstjórafélagsins einnig fundið og ætlað sér að bæta úr því með fundarsamþykkt frá 7/5 1952 um, að félagið gjöri heildarsamninga fyrir skipstjóra á verzlunarskipafлотanum. Sækjandi málsins kvað ekki þessa fundarsamþykkt vera að skoða sem breytingu á eða viðbót við lög Skipstjórafélagsins, enda ekki kynnta félagsmönnum með nægum fyrirvara með fundarboðun né heldur samþykktu með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða félagsmanna, sem hvortveggja hefði þó orðið að eiga sér stað, ef þessi samþykkt ætti að skoðast sem breyting á eða viðbót við lög Skipstjórafélagsins.

2. gr. laganna fyrir Skipstjórafélagið er því enn óbreytt, eins og frá henni var gengið 1936, og vantar því í samþykktir þessa félags ákvæði um, að félagsstjórnin eða félagið skuli láta starfsemi sína taka til slíkra málefna, að semja um kaup og kjör meðlima sinna.

Skipstjórafélag Íslands er því ekki enn lögformlegur samningsaðili um þessi mál samkvæmt 5. gr. laganna frá 1938.

Tel ég því að sýkna beri stefnda í þessu máli af þessum tilgreindum ástæðum einum og án þess að tilgreina fleiri mjög tvísýn atriði málsins.